

76. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 28. maí 2024, kl. 15:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Jón Kort Ólafsson boðaði forföll og enginn varamaður mætti.

## Dagskrá

### 1. Ársskýrsla 2023

Aðstoðarskólameistari lagði fyrir ársskýrslu skólans fyrir árið 2023 og gerði grein fyrir henni. Skýrsluna má finna á vef skólans.

### 2. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum náms á vorönn 2024. Þann 25. maí útskrifuðust 52 nemendur frá skólanum og hafa þá 602 nemendur útskrifast frá upphafi. Þetta er fjölmennasti útskriftarhópur frá upphafi. Tuttugu og þrjú útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, þrjú af íþrótt- og útivistarbraut, átján af kjörnámsbraut, tveir af listabraut-myndlistarsviði, tveir af náttúruvísindabraut, þrjú af stúdentsbraut að loknu starfsnámi og einn af starfsbraut. Á vorönn skilaði skólinn 105 (217) sem er heldur minna en á vorönn 2023. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,5. Fall í áföngum var að meðaltali 21% og brottfall 6% sem er svipað og á síðustu haustönn (7%). Hópanýting var 96%.

### 3. Innritun og innritunarreglur

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun fyrir næstu haustönn sem nú er að ljúka. Nú hafa verið innritaðir 177 nýir nemendur og 50 eru í vinnslu. Skólameistari fór yfir innritunarreglur skólans.

### 4. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans yrði óbreytt. Gjaldskráin samþykkt.

### 5. Haustfundur dagsettur

Fyrsti fundur að hausti verður 4. þriðjudag í september (24. september) kl. 15:00. Fundurinn verður staðfundur.

### 6. Ráðningar

Skólameistari fór yfir ráðningu í nýtt starf. Auglýst var eftir kennara í 25% starf til að kenna íslensku sem annað tungumál. Í starfið var ráðin Inga Þórunn Waage sem kennt hefur í afleysingum í vetur. Karólína Baldvinsdóttir óskaði eftir 50% leyfi næsta skólaár og mun því aðeins vera í hálfu starfi.

### 7. Önnur mál

#### 7.1 Samningar við Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólameistari upplýsti skólanefnd um stöðu samninga við Grunnskóla Fjallabyggðar um afnot af húsnæði skólans á næsta skólaári. Samningar standa yfir um að

grunnskólinn fái aðstöðu til myndmennta- og tónmenntakennslu ásamt kennslu í leikrænni tjáningu. Umræður urðu um stöðuna.

### **7.2 Styrkir - Erasmus+, Nordplus**

Ída sagði frá styrkjum á vegum Erasmus+ og Nordplus sem skólinn hefur fengið. Þrjú nýir styrkir hafa fengist. Sótt var um eftir áætlun sem gerð var fyrir Erasmus+ og nær til 2027. Þá var skólanum boðið að taka þátt í verkefni sem snýr að gengi drengja í framhaldsskólum. Þetta er kennaraverkefni með Dönum og Grænlandingum. Þá verðum við einnig með í Nordplus-verkefni með skóla í Litháen sem við höfum unnið með áður. Það er nemendaverkefni sem snýr að menningu og heimsminjum. Þá mun síðasti hluti verkefnis með Spánverjum og Króötum klárast á haustönn. Einnig eru samræður við skóla á Spáni um frekari verkefni með þeim.

### **7.3 Gervigreind í skólastarfinu**

Skólameistari sagði frá námskeiði um gervigreind sem haldið var á föstudegi nú í maí. Þangað kom kennari sem kenndi á námskeiði í Dublin sem þrjú kennarar sóttu í febrúar. Þá var fjallað um gervigreind í námi og skólastarfinu á starfsdögum kennara í kjölfarið og gengið út frá menntunarfræði fremur en tækninni og hugbúnaði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:34.